

Fundargerð 12.12.2019

Mætt voru: Linda Ösp, Katrín, Sigríður Soffía, Lilja, Erla Jónsd., María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

- **Funda- og starfsáætlun skólaráðs 2019-2020:**
María fór yfir starfsáætlun skólaráðs. Skólaráð myndar einnig matsteymi skólans.
- **Húsnæðismál**
María fór yfir að það er orðið þröngt á okkur í skólahúsnæðinu. María fór yfir húsnæðismálin hjá Bergi og að lögð er áhersla á að nemendur í Bergi séu í húsnæði nálægt sínum jafnöldrum og með þeim í kennslurýmum eins mikið og mögulegt er.
Nú standi fyrir dyrum endurbætur á náttúrufræðistofunni. Það þarf að skipta út áföstum borðum. Kaupa þarf ný húsgögn og breyta raflögnum og pípulögnum. Með þessu móti verður komust hjá því að óska eftir að fá lausar kennslustofur. Verið er að gera áætlun um endurnýjun útihurða. Það vantar einnig snaga t.d. undir stiganum þegar verið er með stórar samkomur.
- **Niðurstöður samræmdra prófa**
María fór yfir niðurstöður samræmdra prófa. Farið var yfir raðeinkunnir á landsvísu og hvernig Setbergsskóli kom út.
Setbergsskóli kom mjög vel út í 4. bekk.
7. bekkur kom einnig mjög vel út og fáir eru í neðstu röð í raðeinkunn.
Fundað er með kennurum í þessum árgöngum og farið í úrbótavinnu með þá þætti sem betur mega fara.
- **Mat á skólastarfi og umbætur**
Gerð er umbótaáætlun frá ári til árs. Ellý hefur það hlutverk ásamt Maríu að halda utan um niðurstöður kannana. Verið er að endurskoða framsetninguna á heimasíðuna. María ræddi um að e.t.v. væri betra að birta skýsluna í heild sinni á heimasíðu skólans. Einnig verða skýrslurnar frá Hafnarfjarðarbæ birtar áfram. Þá stendur til að birta matsáætlun skólans með skýrari hætti.

María kynnti fyrir okkur verkefni vetrarins.
 - Unnið er áfram með hæfnimiðað nám. Skólanámskráin endurskoðuð, hæfniviðmið skráð í Mentor og hæfnikort búin til. Námsmat að vori byggir á hæfnikortunum.
 - Lögð verður áhersla á leiðsagnarnám. Það er liður í því að nemendur séu meðvitaðir um að hverju er stefnt í náminu og að þeir fái markvissa endurgjöf frá kennurum.

Skólaráð

- Áfram verður unnið með vaxandi hugarfar í skólastarfinu. Edda Kjartansdóttir er að leiðbeina okkur.
- Á yngsta stigi er kennsluaðferðin stýrð kennsla notuð í lestrarkennsla. Setbergsskóli er í samstarfi við Urriðakotsskóla og háskólann um þróun þessarar kennsluaðferðar. Enn er verið að þjálfa kennarana í að nýta þessa aðferð.
- Verið er að innleiða spjaldtölvur í skólastarfið. Spjaldtölvurnar eru nýttar á markvissan hátt.
- Í vertur verður lögð áhersla á mat á kennslu og skipulagi með markvissari endurgjöf frá stjórnendum. Skólastjórnendur fara í innlit í kennslustundir og veita í framhaldi endurgjöf til kennara. Einnig að vera rýnihópar nemenda.
- Farið verður af stað með endurinnleiðu á SMT fyrir nýja fólkið okkar. Þetta verður gert í samstarfi við Skólaskrifstofuna með það að markmiði að styrkja kennarana og að þeir fá sínar verkfærakistu.

- **Endurskoðun skólareglna**

María ræddi um að fólki gefst kostur á að vinna af sér skipulagsdag sem verður í febrúar. Stefnt er að því að vinna laugardaginn 8. febrúar 9:00-13:00 að endurskoðun á skólareglum. María ræddi um að við þyrftum að fá foreldra og nemendur með okkur í þetta verkefni. Taka þarf ákvörðun um hvort á að taka vinsemd út fyrir vellíðan eða hafa fjögur leiðarljós. Virðing, víðsýni, vinsemd, vellíðan.

- **Önnur mál:**

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.